

Reykjavík, 4. apríl 2019

Tilkynning um áframhaldandi eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Áframhaldandi eiginfjárouki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki

Hinn 1. mars 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, sbr. 86. gr. c laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.¹ Frá og með 1. apríl 2016 hafa því kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki viðhaldið 2% eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis. Eiginfjároukanum hefur verið viðhaldið á samstæðugrunni og hefur hann tekið til allra áhættuskuldbindinga.

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. c laga um fjármálafyrirtæki skal endurskoða ákvörðun um að setja eiginfjároukann á og gildi hans árlega og til samræmis við það óskaði Fjármálaeftirlitið eftir aðkomu fjármálastöðugleikaráðs. Hinn 1. apríl 2019 beindi fjármálastöðugleikaráð tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki viðhaldi áfram eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis.

Samkvæmt tilmælum fjármálastöðugleikaráðs teljast Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. áfram kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki. Við mat ráðsins var, sem fyrr, stuðst við aðferðafræði sem byggir á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.²

Með vísan til tilmæla fjármálastöðugleikaráðs tilkynnist hér með að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. mars 2016 um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki gildir áfram óbreytt. Skulu því kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki áfram viðhalda 2% eiginfjárouka vegna kerfislegs mikilvægis. Eiginfjároukanum skal jafnframt áfram viðhaldið á samstæðugrunni og skal hann áfram taka til allra áhættuskuldbindinga fjármálafyrirtækjanna.

Óbreyttur sveiflujöfnunarauki

Hinn 1. nóvember 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um álagningu 1,25% sveiflujöfnunarauka í samræmi við 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki.³ Frá og með 1. nóvember 2017 hafa því fjármálafyrirtæki viðhaldið 1,25% sveiflujöfnunarauka nema þau sem eru undanskilin auknum. Aukanum hefur verið viðhaldið á samstæðugrunni og hefur hann tekið til innlendra áhættuskuldbindinga. Þá tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun hinn 15. maí 2018 um hækkun sveiflujöfnunaraukans í 1,75% og mun hækkunin taka gildi 15. maí 2019.⁴ Jafnframt tók stofnunin

¹ Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 22. janúar 2016.

² Guidelines on the criteria to determine the conditions of application of Article 131(3) of Directive 2013/36/EU (CRD) in relation to the assessment of other systemically important institutions (O-SIIs) (EBA/GL/2014/10).

³ Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 30. september 2016.

⁴ Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 13. apríl 2018.

ákvörðun hinn 1. febrúar 2019 um hækkun sveiflujöfnunaraukans í 2% og mun sú hækkun taka gildi 1. febrúar 2020.⁵

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki ber fjármálastöðugleikaráði að endurskoða gildi sveiflujöfnunarauka ársfjórðungslega. Hinn 1. apríl 2019 beindi fjármálastöðugleikaráð tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að halda gildi sveiflujöfnunarauka óbreyttu í 2%.

Meginmarkmið sveiflujöfnunaraukans er að stuðla að því að fjármálafyrirtæki hafi nægan viðnámsþrótt til að mæta tapi á tímum óstöðugleika í fjármálakerfinu í kjölfar óhóflegrar skuldsetningar og uppsöfnunar sveiflutengdrar kerfisáhættu. Aukann má byggja upp þegar heildstætt mat bendir til að áhættur séu að aukast. Aukinn er lækkaður eða afnuminn í sameiginlegri niðursveiflu fjármála- og hagskerfisins til að auka getu fjármálafyrirtækja til að viðhalda sjálfbæru framboði lánsfjármagns. Sveiflujöfnunaraukinn tekur þannig breytingum eftir þróun sveiflutengdrar kerfisáhættu. Í tilmælum fjármálastöðugleikaráðs er vísað til greiningar og mats kerfisáhættunefndar og lagt til að sveiflujöfnunaraukinn verði óbreyttur að svo stöddu. Þá segir að næstu skref varðandi sveiflujöfnunarauka muni ráðast af þróun kerfislægrar áhættu.

Með vísan til tilmæla fjármálastöðugleikaráðs tilkynnist hér með að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. febrúar 2019 um 2% sveiflujöfnunarauka gildir áfram óbreytt. Aukinn skal áfram taka til innlendra áhættuskuldbindinga allra fjármálafyrirtækja, bæði hvers fyrir sig og á samstæðugrunni, nema þeirra sem eru undanskilin aukinum samkvæmt 4. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki. Við útreikning eigin fjár sem viðhalda skal ber að líta til vegins meðaltals sveiflujöfnunarauka hér á landi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við hlutdeild áhættuskuldbindinga í hlutaðeigandi ríkjum, sbr. 3. mgr. 86. gr. d sömu laga.⁶

⁵ Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 19. desember 2018.

⁶ Fjármálaeftirlitið mun setja reglur sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) nr. 1152/2014 en hann kveður nánar á um útreikninginn, sbr. umræðuskjal nr. 4/2016 sem birt er á vef stofnunarinnar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur nr. 506/2017 sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) 2015/1555.